

# Hönd 2 í Uppsalaabók

---

ÓLAFSPING 2022

DR ÞORGEIR SIGURÐSSON


# Inngangur:

---

Ég heiti Þorgeir Sigurðsson, ég er rafmagnsverkfræðingur og nýbakaður doktor í íslenskri málfræði. Ég skilaði af mér doktorsritgerð á Jónsmessu 2019 um Arinbjarnarkviðu eftir Egil Skallagrímsson sem hvergi er varðveitt nema á einni ólæsilegri síðu í Möðruvallabók. Ég sýndi m.a. að hún var skrifuð upp í lok 17. aldar og að sú pappírsuppskrift er undirstaða allra útgáfa kviðunnar. Ég gat lesið mikið af textanum með nýrri ljóstækni og ég sýndi að það var Einar Hafliðason helsti embættismaður Hólakirkju á 14. öld sem skrifaði kviðuna í Möðruvallabók.

Nú erum við Haukur sonur minn að gefa út Snorra-Eddu fyrir Hið íslenska fornritafélag og við það verk tók ég eftir því að í Snorra-Eddu í Uppsalabók er hönd á spássíum sem líkist hönd Einars. Þetta þýðir að þessi hönd getur ekki verið mikið yngri en aðalhönd Uppsalabókar. Nú ætla ég að sýna ykkur hvað það er sem þessi hönd skrifaði. Ég varpa því fram að þessar viðbætur séu ekki ómerkilegra framlag til Snorra-Eddu en það sem er að finna í ýmsum handritum SnE og að sé áhugavert að skoða hvaðan þær koma. Ég kemst ekki að neinni lokaniðurstöðu um þetta hér en ég lofa meiri umfjöllun í væntanlegri útgáfu Fornritafélagsins. Margt hefur verið sagt um spássíkrotið í Uppsalabók áður og ég nefni sumt af því hér á eftir.

# Uppsalaabók (~1300-1325)



Bók þessi heitir Edda. Hana hefur saman setta Snorri Sturluson eftir því sem hér er skipað ...

Snorri var drepinn 1241 en Uppsalaabók er skrifuð um 1300-1325.

Innskotshljóðið tímasetur handritið við upphaf breytingarinnar *-r* > *-ur*.


Hönd 1 felur að í máli eigandans er innskots-sérhljóð. Takið eftir að orðið *qnnur* er ekki skrifað með *u*.

Oft er notuð *-ur* skammstöfun til að fela að eigandinn veit ekki hvort orð hefur *-ur*.


Hönd 2 sýnir engin merki um u-innskot.

# Fyrirsagnir skýrðar


---



Bók þessi heitir Edda. Hana hefir saman setta...



Frá spurningu Ganglera, bls. 4



Frá vist ok drykk með ásum, bls. 20

# Hönd 2 jók við við Snorra-Eddu í U


---

Hönd 2 virðist vera frá 14. öld (skv. Grape 1977). Hún er þar með jafngömul, eða litlu yngri, en hönd 1. Hún bætti við efni á 8 stöðum í Snorra-Eddu í Uppsalabók.

1	Bls: 8:27-28	Stef í Völuspá	Gylfaginning
2	Bls: 9	0 heiti dverga	Gylfaginning
3	Bls: 12:19	29 heiti Óðins	Gylfaginning
4	Bls: 21: 26-28	60 heiti fljóta	Gylfaginning
5	Bls: 71 (spássía)	6 samheiti guða	Skáldskaparmál
6	Bls: 78 (spássía)	16 heiti úlfa	Skáldskaparmál
7	Bls: 79 (spássía) og 79:7	1 hindaheiti	Skáldskaparmál
8	Bls: 80 (spássía)	12 heiti hrafna	Skáldskaparmál



# 1 Heimir Pálsson um stef í Völuspá

---



1 Hönd 2 skrifar stef í Völuspá á bls. 8: Þá gengu regin öll ... (einnig skammst. bls.23)


---




1 Tökum eftir r-um sem Hönd 2 notar  
(þessi orð stuðla).

---

REGIN





RÖKSTÓLA





## 2 Nöfn dverga á bls. 9

---



Þessi eru enn dverga heiti

Enginn hefur lesið þetta áður.


Hér vantar upptalningu sem til stóð að setja inn.

Til samanburðar er texti neðanmáls með heitum fljóta á undanfarandi blaðsíðu:

Þessi eru enn á heiti

### 3 Nöfn Óðins á bls. 12 (Gylfag.)


---



Yggr, þundr, vackr, skilfingr, (vi)niorr, hroptatýr, **gautr**, **veratýr**, svolnar, (r)ognir, herjaföðr, hvatræðr), hroptr, hveðrungr, **grimr**, (gauti), vingnir, valfoðr, gizvrr, brvni, fengr, þrot(t)r, njotr, svafil, arnhofði, (ginnarr), sigmvndr, fráriðr, suafnir.

## 4 Nöfn fljóta á bls. 23 (Gylfag.)


---



A hægri spássíu eru 7  
fljótanöfn en  
neðanmáls eru 53.

## 5 Guðaheiti á bls. 71 ( Skáldsk.m.)


---



Goð heita: haupt, bond, raugn, vegin, jólnar, días.

Sömu nöfn eru í RTWU nema í U eru *þolnar* fyrir *jólnar* og *regin* er viðbót hjá hönd 2. Tökum eftir hvernig *regin* er skrifað.



## 6 Úlfaheiti bls. 78 ( Skáldsk.m.)



**Rautt** er í þulu í R. **ulfr**,  
**imr**, **vitnir**, gymir, **freki**,  
**fenrir**, **heiðingi**,  
**hróðvitnir**, **geri**, kini, **goti**,  
**gilidr**, **glami**, ..., ylfa.  
Erfitt er að lesa mörg  
nöfnin.

# 7 Eikþyrnir bls. 79 (Sk.sk.m)

---



Hinda heiti (Grape las hundz heiti)


Hér er bætt við hindaheitinu *eikþyrnir*.

Eikþyrnir er kallaður Takþyrnir í  
Gylfaginningu U (en ekki nefndur annars)

Hér er *-ir* ending skammstöfuð, sem er mjög algengt hjá hönd 2 og vekur grunsemdir um að eigandinn hafi haft norskt i-innskot.

## 8 Hrafnsheiti bls. 80 (Sk.sk.m.)

---



hornklofi, korp[i]r, krumsi,  
blæingr, [b]æringr, geri, varinn,  
[v]iti, liti, óvari, ar(n)i, kjolakan

Flest nöfnin má finna í A og B  
gerð SnE. Sum eru hvergi nema  
þar og hér

Í korpr gæti haft innskots-  
sérhljóð. (i fyrir ofan *pr*).

Erfitt að greina sundr –r og –i

# Konungum bætt við í Skáldatal: Grape segir:


---

Vertikalrad 2:

Vid r. 11–18. En yngre hand har alldeles felaktigt tillskrivit tre kunganamn, här återgivna inom grov klammer; jfr AM-ed. 3, s. 265, not 2 (med där gjord hänvisning).




# Tveimur konungum bætt við konungaröð Skáldatalis í Uppsalaabók




Erikur Magnússon ríkti til 1299. Hafliði faðir Einars var hirðprestur hans. Þetta er síðasti konungur Skáldatalis í U en yngri hönd hefur bætt við Hákonni Magnússyni, og Magnúsi Eiríkssyni sem ríkti til 1355.

Einar Hafliðason var í Noregi um 1348. Hann segir frá valdatöku Hákonar og Magnúsar í Lögmannsannál.




# Þrjár vísur á auðri síðu fremst



Takið eftir myndinni efst. Í U er mikið myndakrot á auðum síðum og sama á við um Möðruvallabók (þar sem Einar bætti við Arinbjarnarkviðu)

# Fyrsta vísan


---



Dauðr var ak hamli hlydar  
hauk stallz (w?)iko alla  
sægit þat blindo banndi  
biþorns ok þó lifdi  
nu [er] ek jard konungr ordinn  
undigr suana grundar  
kuikr þray ak na[dr]s inn nackui  
nidr ógrafins þridja.


# Önnur Vísan

---



Koma mun ockr fir ecki  
æy*mum*dr þó at *vid* skyndim  
undan yta funndi  
el rann(s) í dag *manna*  
bydum *uid* [*hamdis*] hrydar  
hlads *verdum* nu stadsa.  
brosa man lind í landi  
la*ad*svinn ef vid vinnum




Ath: eftirstaðsi í Jómsv.saga.



# Priðja vísan

---

Nú tekr *Freijr* at færa  
fólk skýs at bæ mijnum (->nýjum)  
gætir *glamma s[ót]a*  
*gunnakeri sunnan*.  
Gera munu þeir [. . .] þekja  
þrýmlinnz bodar minni  
randa dryfu z rjúfa  
ræfr *dreyrfánur* næfri.



# Lestur Finns er betri en seinni manna en þó má bæta hann

---


Koma mun okkur fyrir ekki  
Eyvindur þó a[ð] vér skyndim  
undan ýta fundi  
él rand í dag manna.  
Bíðum hér þ[eirrar] hríðar,  
hlaðs, verðum nú stansa,  
brosa mun lind í landi  
láðsvinn, ef við vinnum

Texti frá Faulkes


Hér er ranglega lesið innskots –u (breyttist um 1300 en er venjulegt í ritmáli eftir 1400)

og fleirtala í stað tvítölu (tvítala hélst fram á 17. eða 18. öld)


# Upphaf Rígsþulu



Rígsþula er hvergi varðveitt nema í Wormsbók frá um 1350. Upphafið er jafnan hjá útgefendum Ár kváðu ganga en það stendur ekki í W.



Hinsvegar hefur Hönd 2 skrifað þann texta neðanmáls í U. Þetta er ekki önnur hönd frá 15. öld eins og segir í útgáfu Vésteins og Jónasar.



Við tókum eftir skammstöfun á ganga og hvernir ra/va band er skrifað (w með striki yfir).

# Einar Hafliðason (1307-1393)

---

Hönd 2 líkist hönd Einars. Einar var helsti embættismaður Hólabiskupsdæmis mestalla 14. öld.

Mikilvirkur **ritari biskupa**.

Skrifaði **mörg bréf** og ( krot í AM Dipl. Isl. Fasc. LI 24)

Skrifaði **Lögmannsannál** á löngu tímabili sem er til í **eiginhandarriti** fram til 1361

Höfundur **Lárentíusarsögu**.

**Þýðandi** Atburðar á Finnmörk.

**Skrifaði Arinbjarnarkviðu** aftan við Sögu Egils Skallagrímssonar í Möðruvallarbók.

Krotaði búreikninga á síðu úr messubók.



# Samanburður á Hönd 2 og hönd Einars

---

## HÖND EINARS Á BRÉFUM, LÖGMANNSANNÁL OG ARINBJARNARKVIÐU

Tveggja hæða a, verður einnar hæða með tímanum. Báðar gerðir notaðar. samhliða.

Skrifar e og e með lykkju en síðar æ með e sem opnast með tímanum (ae>ax)

Skrifar R í upphafi orða

Skrifar ir-band fyrir -r og -ir, aldrei innskotshljóð (felur innskotshljóð)

Skrifar -e í enda orðs en ekki annars

## HÖND 2

Hönd tvö er tvær hæðir í SN Eddu en eina í vísunum.

Skrifar e og lykkju en í vísunum er opið æ en ekki með striki

Skrifar R í upphafi orða.

hefur ekki innskotshljóð

Skrifar -i í enda orða.

# Hönd Einars á bók með Jóh. guðspjalli

Skuldir eða ítök í eignum eru taldar upp.

Takið eftir tákninu til vinstri sem minnir á galdrastaf. Fyrir ofan hann stendur:

*Ave ,vertu heil'*

Í Uppsala bók eru tvær kristnar bölbænir skrifaðar með dulmáli og neðanmáls er ein heiðin skrifuð neðanmáls.

